



ORKUSTOFNUN

Yfirlit yfir sýnatöku og svifaursmælingar fyrir
auðlindadeild 1997

Svanur Pálsson

Greinargerð SvP-98-04

13. febrúar 1998

Yfirlit yfir sýnatöku og svifaursmælingar fyrir Auðlindadeild 1997

Snemma á árinu 1997 var gerður samningur milli Auðlindadeilda og Vatnamælinga um að Vatnamælingar tækju 109 sýni til svifaursmælinga og önnuðust mælingar á þeim. Einnig var samið um gerð skýrslu um framburð svifaurs í Skjálfandafljóti. Skýrslan var gefin út og skilað til Auðlindadeilda fyrir síðustu áramót.

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir sýnatöku á einstökum stöðum.

| Sýnatökustaður | Umsamið | Tekið |
|----------------------------------|---------|-------|
| Jökulsá vestari, Goðdolum | 5 | 5 |
| Jökulsá austari, Skatastöðum | 10 | 9 |
| Skjálfandafljót, Stóruvöllum | 2 | 4 |
| Jökulsá á Fjöllum, Grímsstöðum | 5 | 6 |
| " " " Upptyppingum | 5 | 5 |
| Kreppa við brú | 5 | 5 |
| Jökulsá á Dal, Hjarðarhaga | 5 | 5 |
| Djúpá í Fljótshverfi, Rauðabergi | 8 | 12 |
| Hverfisfljót við brú | 8 | 9 |
| Skaftá, Kirkjubæjarklaustri | 8 | 4 |
| Ása-Eldvatn við Eystri-Ása | 8 | 11 |
| Skaftá við Sveinstind | 5 | 1 |
| Markarfljót, Emstrum | 5 | 5 |
| Hvítá neðan Hvítárvatns | 5 | 5 |
| Jökulfall, Hvin | 5 | 5 |
| Ófyrirséð vegna hlaupa | 20 | 18 |
| Alls | 109 | 109 |

Sýnin 18, sem tekin voru vegna hlaups, voru tekin úr Skaftá við Sveinstind, 12 sýni, og úr Ása-Eldvatni við Eystri-Ása, 6 sýni.

Sýnin, sem tekin voru, reyndust samtals vera jafnmög og þau, sem samið hafði verið um, en nokkur frávik höfðu orðið á einstökum stöðum, sérstaklega í Skaftá og Djúpá.

Niðurstöður mælinganna eru varðveisittar í tveimur skrám, /os/svp/aur/aur97.dat, þar eru mæligögn allra svifaurssýna, sem tekin voru 1997, og /os/svp/aur/aur9697.dat, en þar eru mæligögn allra svifaurssýna, sem voru tekin 1996 og 1997.